



FUNDARGERÐ 492. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 6. febrúar 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:35. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Athugasemdir ESA vegna undanþágu byggðarsamlaga undan tekjuskatti

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum við upphaf fundar og gerir grein fyrir minnisblaði um athugasemdir ESA við tekjuskattsundanþágu byggðasamlaga.

Svana Helen Björnsdóttir tekur sæti á fundinum klukkan 07:53.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU felur Haraldi Flosa að kynna menningar- og viðskiptaráðuneytinu niðurstöðu minnisblaðsins.“

2. Niðurstaða Hæstaréttar vegna áfrýjunarbeiðni SORPU bs. í máli ÍAV og SORPU bs.

Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 08:35. Eva Bryndís gerir grein fyrir stöðu málaferla ÍAV og SORPU.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU felur lögmönnum SORPU að vinna málið áfram.“

Eva Bryndís og Haraldur Flosi víkja af fundinum klukkan 08:45.

3. Málefni endurvinnslustöðva – staða verkefnis um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 08:45.

Árelía Eydís víkur af fundi klukkan 08:53.



Ísól gerir grein fyrir framvindu vinnu starfshóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva. Hópurinn hefur komið saman og er í gagnaöflunarvinnu. Hópurinn hittist reglulega og vinnufundur í undirbúningi í febrúar. Vinna hópsins er á áætlun og í samræmi við erindisbréf.

4. Sér söfnun á matarleifum – staða á dreifingu bréfpoka

Ísól Fanney gerir grein fyrir stöðu á dreifingu á bréfpokum. Frá áramótum hefur SORPA dreift um 300.000 pokum á endurvinnslustöðvum og í Góða hirðinum. Dreifing hefur gengið vel og spurn eftir pokum verið í samræmi við væntingar.

5. Mál efni grenndarstöðva – staða textílverkefnis

Ísól Fanney og Gunnar Dofri gera grein fyrir stöðu textílsöfnunar á höfuðborgarsvæðinu og útfærslum á auknum endurnotum. Stefnt er að því að SORPA hefji söfnun á textíl á grenndarstöðvum 1. júní 2024.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að undirbúningi söfnunar og afsetningu á textíl og hefja vinnu við endurskoðun á samningum SORPU og sveitarfélaganna um rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva.

Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að halda áfram undirbúningi að auknum innlendum endurnotum, til dæmis með samningaviðræðum um húsnæði og aukin endurnot. Stjórn kallar eftir áætlun um kostnað við verkefni.“

Ísól Fanney vikur af fundi klukkan 09:29.

6. Önnur mál

Guðfinnur vekur máls á stöðu stefnumótunar SORPU, áhrifum mögulegra mannbreytinga í stjórn SORPU á miðju kjörtímabili, stjórnskipulagi og fleiri atriðum er varða stefnumótunarferli SORPU og áhættu tengd því.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 20. febrúar klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:45.